

# Fjárhagsáætlun 2010 – síðari umræða

## Efnisyfirlit:

1. Rekstraryfirlit
2. Breytingar á ýmsum liðum fjárhagsáætlunar (15 bls.)
3. Efnahagsreikningur
4. Sjóðsstreymi
5. Fjárfestingartillögur

## Niðurstaða fjárhagsáætlunar:

Að teknu tilliti til breytinga milli umræðna hækkar framlegð frá rekstri úr 243.392 m.kr. í 244.522 m.kr. Reksturinn skilar þannig 244,5 m.kr sem fara til greiðslu fjárfestinga að upphæð 198,4 m.kr. og mismunurinn 46.122 m.kr. fara til að greiða niður langtímaskuldir.

Að teknu tilliti til lækkunar skammtímaskulda og skammtímaskulda með veltufé frá rekstri gerir áætlunin ráð fyrir að skuldir verði greiddar niður um 96 m.kr.

## Skýringar:

Við fyrri umræðu var gerð grein fyrir helstu forsendum fjárhagsáætlunar. Farið var yfir tekjuspá, álagningarprósentur og gjaldskrár.

Breytingar á ýmsum liðum fjárhagsáætlunar eru lagðar fram af bæjarstjóra og fjármálastjóra þar sem þessar breytingar eru fyrst og fremst leiðréttingar og endurreikningur ýmissa liða. Útprintun með leiðréttingum og breytingum á 15 bls. sýnir stöðuna við fyrri umræðu og hvernig lagt er til að viðkomandi liður líti út við síðari umræðu. Samtölur heildarupphæð og stemma ekki endilega við liðina fyrir neðan enda eru bara prentaðir út liðir sem breytast. Þetta er sama kerfi og notað var við endurskoðun fjárhagsáætlunar ársins 2009 og var notað milli umræðna vegna fjárhagsáætlunar ársins 2009. Að miklu leyti er um leiðréttingar á launaforsendum að ræða, þ.e. fjármálastjóri hefur lagt í mikla vinnu við að reikna út hvern og einn launamann til að launaáætlunin verði nákvæmari.

Að öðru leyti eru rekstrarliðir leiðréttil í samræmi við umræður á sérstökum upplýsingafundi með bæjarstjórn, ábendinga frá sviðsstjórum og deildarstjórum og leiðréttingar gerðar á þeim liðum sem ábendingar komu um í bæjarstjórn við fyrri umræðu og í bæjarráði og nefndum áður en fyrri umræða fór fram sem og milli umræðna. Fjármálastjóri safnaði saman þessum fjölmörgu ábendingum og gerði nauðsynlegar leiðréttingar og breytingar.

Fjármálastjóri og lögg. endurskoðandi bæjarins unnu efnahagsreikning og sjóðsstreymi út frá niðurstöðu ársins 2008 skv. ársreikningi, endurskoðaðri áætlun ársins 2009 og frumvarpi að fjárhagsáætlun 2010.

Breytingin í fasteignasköttum er óveruleg en hún byggir á því að nú er reiknað út í álagningarkerfi Fasteignaskrár Íslands eins og um raunverulega álagningu sé að ræða. Fasteignamat lá fyrir fyrr á þessu ári þannig að tekjuáætlun hvað þennan lið varðar á að vera nokkuð nákvæm. Lækkun verður á lóðarleigu vegna þess að rangur útreikningur lá til grundvallar við fyrri umræðu og var gerð grein fyrir því þá þegar.

Ekki barst sérstök tillaga frá minnihluta fyrir tilskilinn frest kl. 14:00 þriðjudaginn 15. desember 2010 en í nafni meirihlutans setti bæjarstjóri fram helstu breytingar á einu blaði. Það eru breytingar sem flestar hafa fengið umfjöllun á fundum bæjarráðs eða upplýsingafundi

með bæjarstjórn að frátaldri breytingu á uppreikningi lífeyrisskuldbindinga. Á síðasta ári var miðað við sömu hækkun lífeyrisskuldbindinga og árið áður. Að þessu sinni var óskað eftir nýjum útreikningi tryggingarstærðfræðings og er hans mat að lækka megi uppreikning lífeyrisskuldbindinga. Er 48,4 m.kr. lækkun komin til vegna þess. Á undanförunum árum hefur þessi tala rokkað töluvert upp og niður. Alltaf er þó miðað við mat tryggingastærðfræðings a.m.k. er útreikningur fenginn á tveggja ára fresti.

Á fyrrnefndu blaði er rekstrarniðurstaða í frumvarpi við fyrri umræðu sýnd og svo eru breytingarnar sýndar og áætluð niðurstaða eftir síðari umræðu verði tillögurnar samþykktar.

Til að fá rétta niðurstöðutölu er sýnd talan 2,8 m.kr. sem nettó breyting frá yfirliti fjármálastjóra. Hér er um mismunatólu að ræða sem hefur ekki annað gildi en að fá fram rekstrarniðurstöðu eftir breytingar.

Meiri- og minnihluti hafa unnið fjárhagsáætlun í nánú samstarfi á fjölmörgum fundum bæjarráðs og nú við síðari umræðu eiga allar tillögur að hafa hlotið umfjöllun fagnefnda. Öll gögn í vinnu við fjárhagsáætlun hafa verið lögð fram í bæjarráði af fjármálastjóra og bæjarstjóra. Hafa meiri- og minnihluti í bæjarráði í öllu vinnuferlinu verið með sömu gögn og vinnan farið fram í bæjarráðinu með bæjarstjóra og fjármálastjóra.

Tillaga að fjárfestingum liggur frammi að upphæð 198,4 m.kr. Um töluverða hækkun er að ræða frá árinu 2009 en þá drógum við fjárfestingar niður í 33 m.kr. Engu að síður er afgangur til niðurgreiðslu skulda að upphæð 96 m.kr.

#### Samdráttur í rekstri, aðgerðir 2009 og áfram 2010:

Helstu innkaup voru stöðvuð haustið 2008. Dregið úr framkvæmdum strax um vorið 2008. Það ár var mikið framkvæmdaár þar sem lokið var við stórverkefnið viðbygging við Grunnskólann á Ísafirði. Mikils aðhalds hefur verið gætt varðandi allan rekstur og fyrirmæli til stjórnenda um að halda aftur af öllum innkaupum sem mögulegt er.

Laun bæjarstjórnar og nefndafólks voru lækkuð í samræmi við lækkun þingfararkausps og fundum fækkað að meðaltali um 30%.

Yfirvinna var lækkuð um 10%, samningar um akstur endurskoðaðir og felldir niður í þeim tilvikum þar sem sérstakur bíll kemur alfarið í staðinn fyrir notkun starfsmanna á eigin bifreið í þágu Ísafjarðarbæjar.

Alls staðar er samræming í innkaupum, t.d. fær hver skóli úthlutað eftir nemendafjölda fjármagni í alla þá liði sem skólastjórar geta haft áhrif á. t.d. í innkaup á ritföngum, efni til verkgreinakenndu og fl. Minni skólarnir fengu þó úthlutað um 20 - 30 % hærri upphæðum en GÍ. Misjafnt var milli skóla hvort að þessi samræming hækkaði eða lækkaði liði þeirra. En sem dæmi þá lækkaði GÖ um rúmlega 700.000 á þessum ákveðnu liðum. Lögð var áhersla á þessa samræmingu á öllum fundum um fjárhagsáætlun. Samræming er auðveldari í nýju fjárhagskerfi.

Akstur var dreginn saman og er nú gengið út frá því að hver skóli sé sem nemur 60 ferðum á ári milli skólans og Ísafjarðar.

Skólaakstur hjá þeim aðilum sem eru eingöngu að aka sínum eigin börnum lækkaður niður í akstursgjald ríkisins.

Við launaáætlanir var gert ráð fyrir lágmarks forföllum og aukatímum s.s. í tengslum við félagsstörf.

Helstu lækkanirnar sem eru í launum á fræðslusviði eru í raun að koma inn frá fyrra ári þar sem lækkunin hófst fyrst og fremst 1. ágúst 2009 á nýju skólaári.

Ákveðið að sameina eftirfarandi rekstrarliði á einn stað í bókhaldi og þurfa stjórnendur að sækja um til sviðsstjóra/bæjarstjóra.

Gestamóttaka, gjafir, risna

Fargjöld, dagpeningar, gisting.

Styrkir (styrktarlínur o.fl.) verður áfram hjá bæjarritara sem einn hefur heimild til að veita slíka styrki.

Stjórnendur verða að tilkynna sviðsstjóra/bæjarstjóra um ráðningarmál áður en tekin er ákvörðun um að ráða í viðkomandi starf. Skoða þarf í öllum tilfellum hvort hægt er að sleppa nýráðningu í staðinn fyrir einhvern sem hættir. Ef það er ekki hægt þarf að skoða hvort hægt er að færa fólk til í starfi innan Ísafjarðarbæjar.

Hagrætt hefur verið í rekstri íþróttamannvirkja með því að draga úr opnunartíma og hagræða í starfsmannahaldi.

Styrkir til menningarmála o.fl. málaflokka voru árið 2009 lækkaðir um allt að 50% frá fyrra ári. Samið við HSV um lækkun á framlagi þó þannig að sú hagræðing komi ekki niður á ástundun barna og ungmenna.

Að lokinni síðari umræðu verður endanleg fjárhagsáætlun gefin út með gjaldskrá, stefnuræðum, efnahagsreikningi og öðrum fylgigögnum.

Samstarfsfólki í bæjarstjórn, sviðsstjórum, deildarstjórum og öðru starfsfólki Ísafjarðarbæjar þakki ég fyrir gott samstarf við vinnu að fjárhagsáætlun sem og metnað við að takast á við þyngri aðstæður en á undanförunum árum. Með góðri samvinnu er auðveldara að vinna sig í gegnum erfiðar aðstæður. Það hefur gengið vel hjá Ísafjarðarbæ til þessa en ekki má slaka á eitt augnablik í þeirri vinnu.

Fjármálastjóra vil ég sérstaklega þakka fyrir samstarfið og hans góðu vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2010.

17. desember 2009.  
Halldór Halldórsson, bæjarstjóri